



Innra mats skýrsla

Grunnskóli Fjallabyggðar

May 27, 2024

Ása Björk --- skólastjóri

Gæðaráð Grunnskóla Fjallabyggðar

Inngangur	3
Starfsáætlun um innra mat	3
Niðurstöður mats	4
Stjórnun og fagleg forysta	4
Nám og kennsla	5
Innra mat	6
Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófill	7
Umbótaáætlun næsta skólaárs	8
Stjórnun og fagleg forysta	8
Nám og kennsla	8
Innra mat	9

Inngangur

Markmið skólans er að starfshættir skólans séu til fyrirmyndar og í samræmi við ítrustu viðmið um gæðastarf. Innra mati er ætlað að upplýsa hvernig gögn um innra mat gefa til kynna stöðu skólans gagnvart viðmiðum og vísbendingum um gæðastarf í Fjallabyggð.

Þessi skýrsla fjallar um helstu viðfangsefni innra mats á árinu en unnið var eftir langtímaáætlun skólans um innra mat og umbótaáætlun frá vori 2023.

☰ Umbótaáætlun frá 2023 - Endurskoðað haust 2023

☰ Langtímaáætlun gæðaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Gæðaráð var skipað 6 fulltrúum, Ása Björk Stefánsdóttir skólastýra, Gyða Þóra Stefánsdóttir deildarstjóri eldra stigs, Sigríður Karlsdóttir deildarstjóri yngra stigs, Torfi Sigurðarson kennari miðstigi, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir kennari elsta stigi og Kolfinna Esther Barkardóttir kennari yngsta stigi.

Starfsáætlun um innra mat

Nýr skólastjóri tók við skólanum í haust og ákveðið var að leggja megináherslu á innra mat eins og fyrirhugað hafði verið en forgangsraða vel öðrum þáttum. Mikilvægt er að næsta skólaár verði langtímaáætlunin endurskoðuð og passað upp á að dreifa verkefnum vel yfir árin.?

Unnið var eftir starfsáætlun um innra mat sem gæðaráð samþykkti á fyrsta fundi sínum. Það gekk sæmilega vel að fylgja starfsáætluninni eftir, það helsta sem hefði mátt bæta var að vera með fyrirfram fastan fundartíma sem myndi sem minnst vikja fyrir öðru. Við mat á starfsáætlun innra mats teymisins þetta helst nefnt og að gæðaráðið vilji sannarlega halda þessum starfsháttum áfram en gera betur en á síðasta ári. Flestir mikilvægustu þættirnir raungerðust þrátt fyrir að allir hefðu mögulega vilja geta gert aðeins betur þá náðust gríðarlega mikilvæg verkefni í hús, s.s. að fara í innlit í kennslustundir, skemmtileg og metnaðarfull stemning í gæðaráðinu og kerfisbundin úrvinnsla gagna voru á meðal stærstu sigranna. Þá var góður andi í kennarahópnum þegar unnið var á vinnustofum um leiðsagnarkennslu undir handleiðslu frá Ásgarði.

Gæðaráðið hélt fundargerðir funda gæðaráðsins. Fundir gæðaráðsins urðu 8 talsins á 9 mánuðum. ☰ Fundargerðir gæðaráðs Fjallabyggðar 2023-2024

☰ Starfsáætlun Innra mats teymis - Fjallabyggð 2023-2024 . Starfsáætlun innra mats teymis byggir á langtímaáætlun um innra mat. Gæðaráðið mat starfsáætlun teymisins og heildarniðurstaðan er að skipulag innra mats hafi verið gott og hafi einkennst af meiri styrkleikum en veikleikum. Að hafa skýra starfsáætlun skipti höfuðmáli fyrir gæðaráðið til að sýna starfsfólki og kennurum fram á að markvisst væri verið að fylgja gæðamálum eftir. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Niðurstöður mats

Eins og fram kemur í umbótaáætlun og starfsáætlun innra mats var lögð megináhersla á að taka í gegn fyrirkomulag innra mats á skólaárinu. Niðurstaða er varða stjórnun og faglega forystu og nám og kennslu varðar eingöngu einstaka þætti sem tilgreindir verða hér fyrir neðan. Með öðrum orðum þá gildir mat síðasta árs nema að einstakir þættir hafi batnað eftir umbætur sem hafa verið í gangi.

Hér má sjá [innra mats skýrslu skólaársins 2022-2023](#) sem matið á stjórnun og faglegri forystu og námi og kennslu byggir á að hluta til.

Matsþættirnir eru á heildina litið eru alltaf þeir sömu:

- Stjórnun og fagleg forysta
- Nám og kennsla
- Innra mat.

Í niðurstöðu hvers kafla er fjallað um helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig gengið hefur að ná þeim fram.

Matið sjálft fer þannig fram að matsteymi og/eða önnur teymi fara yfir öll gögn, ræddar verða niðurstöður og bornar saman við viðmiðin. Matsviðmiðin eru fjögur og eru litakóðuð eftir mats niðurstöðunni sjálfri.

Matsviðmiðin eru eftirfarandi:

- **RAUTT** - Mikilla umbóta er þörf á flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið skólans um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum.
- **GULT** - Meiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verklag sem uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, en einhverjir mikilvægir þættir þarfnast umbóta.
- **LJÓSGRÆNT** - Meiri styrkleikar en veikleikar. Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.
- **GRÆNT** - Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta

[Viðmið og vísbendingar um gæðastjórnun og faglega forystu Fjallabyggð.](#)

Matið sem gert var skólaárið 2022-2023 má sjá [hér](#).

Gögn sem m.a. nýtt voru til að máta við viðmið og vísbendingar um gæðastjórnun og faglega forystu voru fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður starfsþróunarsamtala.

Í vetur vann starfsmannahópurinn sameiginlega fræðsluáætlun um faglega ígrundun og áherslur á leiðsagnarnám og settu sér markmið. Megnið af áætluninni gekk eftir, stjórnendur fóru í innlit, kennarar sátu fræðslu og skráð var niður hvar veikleika gætti og hvað mætti bæta. Á starfsdegi 5. júní voru línur lagðar fyrir næsta ár með mati og gerð námsvísis.

Mat á starfsáætlun skólans var gert á vordögum til þess að tryggja að mikilvægustu liðir starfsáætlunarinnar séu metnir og fari í umbótarferli strax hafi þeir ekki gengið eftir.

Niðurstaða

[Mat á Starfsáætlun 2023-2024 - Google Docs](#)

Heildarniðurstaða hefur verið uppfærð enda samkvæmt þessu mati eru flestir eða allir þættir er varða faglegt samstarf og samræðu og umbætur og innleiðingar breytinga orðnir sterkir. Verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Stjórnun og fagleg forysta	
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting
Tengsl við foreldra og aðra í skóla samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna
Umbætur og innleiðingar breytinga	

Helstu umbætur næsta árs:

- Endurskoða skólanámskrá
- Gera nýtt skipurit
- Endurskoða starfslýsingar
- Gera áætlun um endurskoðun áætlana
- Endurskoða skólareglur
- Fara yfir verkferla er snúa að félagsstarfi unglinga
- Festa í sessi jákvæða skólamenningu.
- Halda borgarafund/skólaping

Nám og kennsla

[Viðmið og vísbendingar um gæðastarf í skólum Fjallabyggðar](#)

Grunnskóli Fjallabyggðar vinnur eftir stefnunni “Uppeldi til ábyrgðar”. Stefnan leggur áherslu á góð samskipti sem efla sjáfstraust nemenda. Jákvæður skólabragur er sýnilegur í öllu starfi skólans. Kennslufræðileg stefna Starfsfólk Grunnskóla Fjallabyggðar stefnir að og leggur

metnað sinn í að beita kennsluaðferðum sem falla að nútíma samfélagi. Áhersla er lögð á samþættingu námsgreina, skapandi- og einstaklingsmiðaða kennsluhætti og fjölbreytta lýðræðislega þátttöku nemenda

Kennarar tóku þátt í því að uppfæra umbótaáætlun skólaársins með því að leggja áherslu á að taka í raun eitt skref afturábak til þess að kennararnir væru vissir um það að sameiginlegur skilningur á leiðsagnarnámi væri til staðar. Gerð var sérstök starfsáætlun um fræðslu og stuðning við leiðsagnarnám með áherslu á alla þætti leiðsagnarnámsins, námsmarkmið, viðmið um árangur, nánmsveggi, samræður og fleira. ,

Í vetur fóru stjórnendur í innlit og skoðuðu upphaf kennslustunda. Kennsluráðgjafar fóru líka 10 kennslustundir. Heildarniðurstaðan var að einkenni leiðsagnarnáms sjást á vettvangi og markmið eru sýnileg nemendum mun oft en áður. Næsta skref er að ná saman námsmatsstefnu og tengja leiðsagnarnámið og námsmatið betur saman.

Niðurstaða

Heildarmatið helst óbreytt en mikilvægir þættir hafa samt sem áður verið innleiddir og gæði náms og kennslu hafa styrkst. Helstu umbætur næsta skólaárs byggja á vinnu vetrarins og mati síðasta árs einnig.

Nám og kennsla	
Inntak og námskrá	Skipulag náms
Árangur náms	Námsvitund
Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka

Helstu umbætur næsta árs

- Vinna eftir námsvísi sem nær yfir fleira en samþættingu.
- Móta skýra stefnu um námsmat og fyrirkomulag þess.
- Festa í sessi jafningjamati kennara á góðum starfsháttum.
- Virkja nemendur í að hafa áhrif á skipulag náms og kennslu t.d. með því að taka þátt í að endurskoða námsvísi.

Innra mat

Viðmið og vísbendingar um innra mat í Fjallabyggð

Gæðaráðið lagði áherslu á að vinna eftir viðmiðum og vísbendingum um innra mat. Heildarmat á innra mati hefur því batnað verulega, sérstaklega er varðar skipulag og umbætur. Framkvæmdir gengu eftir að miklu leyti en má bæta.

Gögn sem nýtt voru til að máta innra mats viðmiðin voru m.a. fundargerðir, niðurstöður spurningalista og niðurstöður úr samtölum og samráði við nemendur og foreldra.

Niðurstaða

Skipulagið var í samræmi við stærð skólans og þá ársáætlun sem lagt var upp með. 90% af öllum viðmiðum uppfylla skilyrði um gæðastarf innra mats. Mikilvægt er að nýr stjórnandi og starfsfólk fái stuðning við áframhaldandi vinnu með gæðastarf.

Helstu umbætur næsta árs

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

- Endurskoða langtímaáætlun um innra mat.
- Kynna umbótaáætlun skólaráði að hausti.
- Ákveða dagsetningu funda fyrirfram og taka frá skýran tíma í fundina að hausti.
- Viðhalda skipulagi og skýrslugerð og koma starfsháttum til nýrra stjórnenda.
- Setja gæðamál á dagskrá skólaráðs og halda upplýstu um starfsemi gæðaráðs.

Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll

Heildarniðurstaða eftir að hver matsþáttur hefur verið skoðaður birtist í eftirfarandi mynd.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirkni í stefnumótun - stefnumótun og skipulag	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfn í stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðingar breytinga				

Umbótaáætlun næsta skólaárs

Umbótaáætlun nær til allra þátta sem samkvæmt innra mati ber að fara í umbótaferli. Umbótaáætlun er burðarvirki kerfisbundinna umbóta í Norðurþingi. Umbótaáætlun við lok skólaárs leggur grunninn að starfsáætlun innra mats teymis á næsta skólaári.

Stjórnun og fagleg forysta

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Bæta vinnulag, verkferla og áætlanir	Fara yfir verkferla er snúa að félagsstarfi mið- og unglínga og verklagi við viðburði/árshátíð -	Skólastjóri og deildarstjórar	Jan 2025	Mars 2025	Metið af gæðaráði og skólastjórn endum	Skýrir verkferlar til staðar sem eru endurskoðaðir reglulega
Efla samstarf heimila og skóla - jákvæð skólamenning	Gera farsældar sáttmála í samvinnu við Heimili og skóla Efla foreldra-samstarf	Skólastjórn	Ágúst 2024	Júní 2025	Metið af gæðaráði í samvinnu við fræðsluylfir völd	Jákvæð skólamenning og umræða um fræðslumál í samfélaginu, kannanir sýna 90% foreldra ánægða
Efla skilvirkni og verkefna-stjórnun	Yfirfara starfs- og verkefnalýsingar og verklag	Skólastjóri	Okt 2024	Maí 2025	Viðtöl Kannanir	Góð og skilvirk starfsmanna-stjórnun sem starfsmenn koma auga á í starfs-þróunar-viðtölum og könnunum

Nám og kennsla

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Fylgja sameiginlegu námsvísi	Vinna að gerð sameiginlegs námsvísis Vinna eftir námsvísi Efla lærdóms-samfélag	Deildarstjórar Kennarar	Ágúst 2024	Maí 2025	Kennarar með Ásgarði	Námsvísi hefur verið fylgt eftir í heilt skólaár Námsvísir endurskoðaður í apríl/maí
Móta og festa í sessi námsmats	Sameiginleg vinna kennara að skýru námsmati í	Deildarstjórar	Ágúst	Maí	Metið af gæðaráði í samstarfi við	Námsmatið skýrt og sameiginlegur

stefnu	samræmi við námsvísi	Kennarar	2024	2025	Ásgarð.	skilningur á framkvæmd námsmats
--------	----------------------	----------	------	------	---------	---------------------------------

Innra mat

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Halda áfram að byggja upp öflugt gæðaráð sem starfar skv. skýrum viðmiðum og starfsáætlun	Reglulegir fyrirfram ákveðnir fundir með markvissri dagskrá	Gæðaráð og skólastjórn	Ág 2024	Júní 2025	Með innra mats skýrslu	Bætt gæðastarf sem allt starfsfólk er meðvitað um.
Innlit í kennslustundir	Fleiri innlit og markviss endurgjöf	Gæðaráð og skólastjórar	Sept 24	Apríl 25	Gert/ekki gert Mat á starfsáætlun innra mats	Gert/ekki gert Mat á starfsáætlun innra mats
Nemendur taki þátt í innra mati	Virkja nemendur í rýnihópavinnu með gæðaráði	Gæðaráð	Sept 24	Apríl 25	Gert/ekki gert Mat á starfsáætlun innra mats	Gert/ekki gert